

## Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 15. júní 2022 í máli nr. 139/2021

Kærunefndina skipa í þessu máli Ívar Halldórsson lögfræðingur, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 7. desember 2021 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

### II

#### Málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt gögnum máls gerði sóknaraðili munnlegan samning við varnaraðila um viðgerð á fasteign sóknaraðila að [...]. Í meginatriðum hafi falist í verkinu lagfæring á burðarvirki hússins og skipting á klæðningu, þaki, gluggum og hurðum þess. Hafi varnaraðili ekki verið unnt að gera fast tilboð í verkið sökum ýmissa óvissuþátta auk þess sem sóknaraðili hugðist sjálfur inna af hendi einhverja vinnu við viðgerð fasteignarinnar. Hafi aðilar því samið svo að verkið yrði unnið í tímavinnu. Sökum ágreinings milli aðila undir verkinu hafi varnaraðili boðið sóknaraðila að ljúka því gegn greiðslu 6.500.000 króna auk virðisaukaskatts. Hafi sóknaraðili greitt varnaraðila framangreinda fjárhæð að meðtöldum virðisaukaskatti með fyrirvara um réttmæti kröfunnar, alls 8.060.000 krónur.

Af gögnum málsins má ráða aðilum ber ekki saman um fjölmörg atriði, þar á meðal umfang verksins, vinnuframlag sóknaraðila, umsamda tímalengd þess og gæði. Að sögn sóknaraðila hafi aðilar samið svo um að verkið myndi taka þrjár til fjórar vikur fyrir tvo til þrjá menn en í raun hafi verkið tekið sjö vikur og 2 daga fyrir þrjá menn. Þá telji sóknaraðili ýmsa ágalla á verkinu og lagfæringa sé þörf. Varnaraðili kveðst hafna framangreindu.

Sóknaraðili krefst þess að verkið verði metið af kærunefnd vöru- og þjónustukaupa miðað við verklýsingu þar sem veruleg frávik séu milli samnings aðila og kröfu varnaraðila á hendur sóknaraðila vegna verksins. Þá krefst sóknaraðili þess að metinn verði kostnaður við lagfæringar á fasteigninni vegna ágalla á verkinu. Varnaraðili mótmælir kröfu sóknaraðila en kveðst viljugur að leita sátta í málinu.

### III

#### Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Kærunefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem fellur ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegri málsmeðferð við

lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu, sbr. 3. gr. laganna.

Samkvæmt e. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 geta viðurkenndir úrskurðaraðilar og kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa vísað málum frá þegar kvörtun er metin ótæk til meðferðar hjá viðurkenndum úrskurðaraðila eða kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Þá geta viðurkenndir úrskurðaraðilar og kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa vísað málum frá ef meðhöndlun máls mundi á einhvern hátt skaða alvarlega skilvirka starfsemi viðurkennda úrskurðaraðilans eða kæruneftndar vöru- og þjónustukaupa, sbr. f. liður 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa, sbr. einnig 3. mgr. 16. gr. laga nr. 81/2019, er málsmeðferð hjá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa skrifleg. Í 3. mgr. ákvæðisins segir að nefndin geti beint spurningum og beiðnum um framlagningu gagna skriflega til málsaðila. Nefndin getur einnig veitt málsaðila stuttan frest til úrbóta ef hún telur erindi hans áfátt á einhvern hátt eða kvörtun ótæka til meðferðar samkvæmt e. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019, sbr. og 4. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar.

Í athugasemdum með 14. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 81/2019 segir m.a. eftirfarandi um f. lið lagaákvæðisins: „Ákvæðinu er ætlað að ná til þeirra tilvika þegar fyrirséð er að meðhöndlun máls muni hamla skilvirkni í starfi viðurkenndra úrskurðaraðila eða kæruneftndar vöru- og þjónustukaupa. Sem dæmi um þetta má nefna þegar atvik máls eru mjög flókin eða yfirgripsmikil, mál krefst flókins lögfræðilegs mats, sérfræðiþekkingar eða mats á erlendum réttarheimildum. Sé mál svo vaxið og málsmeðferðin veldur fyrirsjáanlega óhæfilegri notkun á mannauði og fjármagni er líklegt að það eigi betur heima hjá dómstólum.“

Að mati kæruneftndarinnar er þörf á nákvæmri skoðun óvilhalls sérfróðs aðila á hinu umþrætta verki og greiningu hans á umfangi þess og þeim aðgerðum sem getur verið nauðsynlegt að framkvæma til að bæta úr þeim ágöllum sem sóknaraðili telur vera á verkinu. Er þannig þörf á umfangsmikilli gagnaöflun svo unnt sé að taka afstöðu til krafna sóknaraðila með úrskurði. Verður ekki séð að þær upplýsingar sem fram koma í gögnum málsins, eða þær sem unnt er að afla við meðferð málsins hjá kæruneftndinni skv. 3. og 4. gr. reglugerðar nr. 1177/2019, geti verið fullnægjandi grundvöllur fyrir efnislegan úrskurð um kröfur sóknaraðila í garð varnaraðila. Þá verður ekki séð að heimild nefndarinnar til að afla álits sérfróðs aðila á ágreiningnum, sbr. 10. gr. fyrrneftndrar reglugerðar og 3. mgr. 16. gr. laga nr. 81/2019, sé til þess fallin að upplýsa málið á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Loks ber að nefna að upplýsa þarf í málinu um efni hins munnlega samkomulags milli aðila og samskipti þeirra á verk tíma, en nefndin hefur ekki heimild til að kalla fyrir aðila eða vitni til að bera um málsatvik.

Með hliðsjón af öllu framangreindu er það mat kæruneftndar vöru- og þjónustukaupa að ágreiningur málsins verði ekki leystur með fullnægjandi hætti hjá kæruneftndinni á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Er kæruneftndinni því ekki annað fært en að vísa kvörtun sóknaraðila frá með vísan til 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019, sbr. e. og f. liði ákvæðisins, og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 1177/2019.

**IV**  
**Úrskurðarorð**

Kröfu sóknaraðila, X, er vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt c. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

---

Víðir Smári Petersen  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson